

# Fundur Undirbúningsstjórnar um sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Sjöundi fundur haldinn á Teams, mánudaginn 28. febrúar kl. 13.

Mætt voru:

- Árni Pétur Hilmarsson.
- Alma Dröfn Benediktsdóttir,
- Arnór Benónýsson.
- Helgi Héðinsson, formaður.
- Jóna Björg Hlökkversdóttir.
- Sigurður Böðvarsson.
- Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri
- Sveinn Margeirsson sveitarstjóri.
- Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur sameinaðs sveitarfélags
- Freyja Sigurgeirsdóttir og Róbert Ragnarsson frá RR ráðgjöf sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá

### 1. Samþykkt um stjórn og fundarsköp

Framhald frá síðasta fundi. Tryggvi kynnti tillögu að Samþykkt um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags.

Leitað var umsagnar innviðaráðuneytisins við tillögur Undirbúningsstjórnar um að framkvæma stjórnarsýslutilraun skv. 132. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Markmiðið er að móta einfalt og skilvirkt stjórnskipulag með stuttum boðleiðum, sveigjanlegu skipuriti og lágum stjórnunarkostnaði. Stjórnarsýslutilraunin nær yfir tvö atriði.

Í fyrsta lagi var óskað eftir heimild til að víkja frá 1. tölulið 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn á þann hátt að íbúar kjósi níu fulltrúa í sveitarstjórn í stað sjö.

Í öðru lagi var óskað eftir heimild til að víkja frá hefðbundnu stjórnskipulagi hvað varðar hlutverk sveitarstjóra.

Tryggvi hefur uppfært texta samþykktanna til að koma til móts við ábendingar ráðuneytisins.

Tryggvi fór jafnframt yfir tillögu að viðauka við Samþykkt um stjórn og fundarsköp, um heimildir til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Helgi lagði fram tillögu um að fundartími sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags væri að jafnaði kl. 13:00 á miðvikudögum. Tillagan var samþykkt samhljóða. Umræða fór fram um fastan fundarstað sveitarstjórnar og að mati undirbúningsstjórnar er mikilvægt að festa hann ekki um of. Ákveðið var að fela Tryggva að gera breytingatillögu á 8. gr. samþykktarinnar í samræmi við umræður á fundinum.

Ákveðið að fela Tryggva að gera breytingatillögu á 47. gr. samþykktarinnar í samræmi við umræður á fundinum um ráðningarvald og senda nefndinni til skoðunar og staðfestingar.

Undirbúningsstjórn samþykkir samþykktirnar í samræmi við þær breytingar sem Tryggvi mun gera sem fundarmenn staðfesta endanlega í tölvupósti áður en þeim verður vísað til ráðuneytisins til endanlegrar staðfestingar með vísan til 2. mgr. 122. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:05.